

Reykjavík, 29.05. 1986

Útvarpsstjóri

Hr. Markús Örn Antonsson

08.422

0.7.14

Kosninganefnd Kvinnalistasins hefur borist erindi, bréfflegt og munnlegt, frá fréttastofu sjónvarps varðandi tilhögun kosningadagskrár að kvöldi kjördags þ. 31. maí. Í þessu erindi kemur fram að

- framboðsaðilum er boðið að tilnefna 10 gesti að eigin vali til að vera á kosningavöku sjónvarpsins
- fréttastofan hefur boðið 51 gesti að sínu vali til kosningavökunnar og er nafnalisti hjálagður
- að fréttastofan mun vera með beina útsendingu frá kosningavökum sumra framboðsaðila, annarra ekki.

Ríkisútvarpinu ber samkvæmt lögum að gæta fyllsta hlutleysis í umfjöllun sinni á stjórnmaíum og því er skylt að fara að settum lögum við gerð kosningadagskrár. Kosningavaka í sjónvarpssal, þar sem óhjákvæmilega er fjallað um framvindu og niðurstöður kosninga, úrslit túlkuð og þau skoðuð í sögulegu samhengi o.s.fr., hlýtur að teljast vera stjórn málaumfjöllun. Því verður að gæta hlutleysis í vali gesta. Af ofangreindum nafnalista fréttastofunnar fer fjarri að svo sé. Okkur telst til að á þessum lista séu u.þ.b. 20 Sjálfstæðismenn, 7 Alþýðuflokksmenn, 6 Framsóknarmenn, 8 Alþýðubandalagsmenn, 2 Kvinnalistakonur og 1 frá Flokki mannsins. Kvinnalistinn telur því, að tilhögun kosningavökunnar brjóti í bága við lögum um hlutleysi Ríkisútvarpsins og treystir sér því ekki til að verða við boði fréttastofunnar um þátttöku nema að gerðum þessum breytingum:

- jöfnuður sé hvað varðar hlutfall stuðningsmanna framboðslistanna
- allir framboðsaðilar sitji við sama borð hvað snertir beina útsendingu frá kosningavökum listanna á kosninganótt.

Auk þessara skilyrða um að farið sé að lögum álitur Kvinnalistinn rétt að einhvers jafnvægis sé gætt í hlutfalli kvenna og karla á gestalista fréttastofunnar en á honum eru 12 konur og 39 karlar eins og sakir standa.

Afrit sent:
Útvarpsráði,
Fréttastofu sjónvarps
Fjölmótlum

Virðingarfyllt,
f. b. Kvinnalistasins
Kristín A. Arnadóttir